



## **Mikilvægar upplýsingar um Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til að draga úr hættu á HIV-sýkingu**

Upplýsingar fyrir einstaklinga sem ávísað hefur verið  
Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til fyrirbyggjandi  
meðferðar gegn HIV-sýkingu áður en smit á sér stað  
(Skal afhent af lækni)

Þessar leiðbeiningar eru aðeins til upplýsingar og eru ætlaðar til viðbótar við fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu (ekki í stað hans) og er einnig að finna á vefslóðinni [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Í fylgiseðlinum er einnig að finna heildarlista yfir aukaverkanir og aðrar mikilvægar upplýsingar.

Leitið til heilbrigðisstarfsmanns ef þörf er á nánari upplýsingum.

## **Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka er notað til að draga úr hættu á HIV-1 sýkingu**

Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka (emtrícítabín tenófóvír tvísóproxíl súksínat) er lyfseðilsskylt lyf sem hjálpar til við að draga úr hættu á HIV-sýkingu hjá fullorðnum þegar það er notað sem dagleg meðferð samhliða öruggu kynlífi.

**Það sem þú þarft að vita áður en og á meðan þú notar Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til að draga úr hættu á HIV-sýkingu;**

- **Þú þarft að vera HIV-neikvæð/ur til að hefja töku á Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð áður en smit á sér stað. Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka getur aðeins dregið úr hættunni á HIV-sýkingu áður en þú hefur sýkst. Þú þarft að fara í próf til að tryggja að þú sért ekki þegar með HIV-sýkingu. Ekki má taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til draga úr hættu nema að það hafi verið staðfest að þú sért HIV-neikvæð/ur.**
- Segðu læknum frá öllum flensulíkum veikindum í mánuðnum áður en þú byrjar að taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka eða hvenær sem er á meðan þú tekur Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka. Ef þú hefur stundað kynlíf þess eðlis að hætta getur verið á HIV-smiti getur eftirfarandi verið einkenni HIV-sýkingar:
  - þreyta
  - hiti
  - verkir í liðum eða vöðvum
  - höfuðverkur
  - uppköst eða niðurgangur
  - útbrot
  - nætursviti
  - stækkaðir eitlar í hálsi eða nára.

**Taktu Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka á hverjum degi til að draga úr hættunni á HIV-sýkingu, ekki eingöngu þegar þú heldur að þú hafir verið í hættu.**

- **Ekki er víst að meðferð með Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka einu sér komi í veg fyrir að þú fái HIV-sýkingu. Vendu þig á að stunda öruggt kynlíf á meðan þú tekur Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka til að draga úr hættunni á að þú fái HIV eða aðra kynsjúkdóma.**
  - Stundaðu alltaf öruggt kynlíf. Notaðu smokk til að draga úr snertingu við sæði, leggangavökva eða blóð.
  - Ekki deila persónulegum hlutum sem geta verið með blóð eða líkamsvökva á sér, eins og tannbursta og rakvélablöðum.
  - Ekki deila eða endurnýta nálar eða annan búnað til inndælingar eða fíkniefnaneyslu.
- **Gættu þess að halda þér HIV-neikvæðri/neikvæðum á meðan þú tekur Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka sem fyrirbyggjandi meðferð áður en smit á sér stað;**
  - Þú þarft að vita hvort þú eða bólfélagi/maki þinn séu með HIV-sýkingu.
  - Farðu reglulega í HIV-próf.
  - Láttu prófa þig fyrir öðrum kynsjúkdómum, eins og sárásótt og lekanda. Þessar sýkingar auðveldla HIV-veirunni að smita þig.
  - Ef þú heldur að þú sért með HIV-sýkingu skaltu láta lækinn strax vita. Hann gæti gert fleiri próf til að ganga úr skugga um að þú sért enn HIV-neikvæð/ur.
  - Þú mátt ekki sleppa að taka skammt af Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka eða hætta að taka lyfið. Skammtar sem ekki eru teknir geta aukið hættuna á HIV-smiti.
  - Fáðu upplýsingar og aðstoð við að draga úr kynlífshegðun sem getur aukið áhættu þína.
- **Þú þarft að vita hvort þú ert sýkt/ur af lifrabólgu B veiru (HBV) áður en þú byrjar að taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka. Ef þú ert með lifrabólgu B sýkingu er mikil hættu á**

lifrarvandamálum þegar hætt er að taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka, hvort sem þú ert með HIV eða ekki.

### **Hvernig nota á Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka**

- Taktu Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka alltaf eins og lækningin hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig taka á lyfið skal leita upplýsingar hjá lækningunni eða lyfjafræðingi.
- Taktu eina Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka töflu á hverjum degi. Ef mögulegt er skal taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka með mat. Taktu Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka á hverjum degi, ekki eingöngu þegar þú heldur að þú eigir á hættu að fá HIV-sýkingu.
- Þú mátt ekki sleppa skammti af Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka eða hætta að taka það. Skammtar sem ekki eru teknir geta aukið hættu á HIV-smiti. Ef skammtur af Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka gleymist:
  - Ef þú uppgötvar það innan 12 klst. frá þeim tíma sem þú vanalega tekur Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka, skaltu helst taka töfluna með mat eins fljótt og auðið er. Taktu síðan næsta skammt eins og venjulega.
  - Ef þú uppgötvar það eftir 12 klst. eða meira frá þeim tíma sem þú vanalega tekur Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka, skaltu ekki taka skammtinn sem gleymdist. Bíddu og taktu næsta skammt, helst með mat, á áætluðum tíma.
- Ef þú kastar upp innan 1 klst. eftir að Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka er tekið skalt þú taka aðra töflu. Ekki er þörf á að taka aðra töflu ef kastað er upp seinna en 1 klst. eftir að Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka var tekið.

### **Aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Lesið fylgiseðilinn sem fylgir með í öskjunni sem inniheldur lyfið til að fá upplýsingar um allar aukaverkanir.

**Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka getur valdið alvarlegum aukaverkunum, þ.m.t. nýjum eða auknum nýrnvandamálum og beinvandamálum. Láttu lækningu strax vita ef þú heldur að þú sért með einhverja af alvarlegu aukaverkunum sem taldar eru upp í fylgiseðlinum.**

Mjög algengar aukaverkanir hjá einstaklingum sem taka Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka eru m.a.: niðurgangur, uppköst, ógleði, sundl, höfuðverkur, útbrot og máttleysi.

Láttu lækningu vita ef þú ert með einhverja aukaverkun sem veldur þér vanlíðan eða hverfur ekki. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í fylgiseðlinum.

### **Hvernig geyma á Emtricitabine/Tenofovir disoproxil Krka**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn raka. Geymið glasið vel lokað.